

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 17/2004**

**frá 19. mars 2004**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2003 frá 5. desember 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun ráðsins 2003/61/EB frá 18. júní 2003 um breytingar á tilskipunum 66/401/EBE um markaðssetningu fæðurjurtafræja, 66/402/EBE um markaðssetningu sáðkorns, 68/193/EBE um markaðssetningu efnis fyrir kynlausa fjölgun vínviðar, 92/33/EBE um markaðssetningu á fjölgunarefni og sáðplöntum matjurta, að undanskildu fræi, 92/34/EBE um markaðssetningu á fjölgunarefni aldirtrjáa og aldirtrjám til aldirræktunar, 98/56/EB um markaðssetningu á fjölgunarefni skrautjurta, 2002/54/EB um markaðssetningu sykurrófufraes, 2002/55/EB um markaðssetningu matjurtafræs, 2002/56/EB um markaðssetningu útsæðiskartaflna og 2002/57/EB um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræs, með tilliti til samanburðarprófana og -tilrauna Bandalagsins <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/765/EB frá 23. október 2003 um tímabundna markaðssetningu tiltekins sáðkorns af tegundunum *Secale cereale* og *Triticum durum* sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar ráðsins 66/402/EBE <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/795/EB frá 10. nóvember 2003 um tímabundna markaðssetningu tiltekins sáðkorns af tegundinni *Vicia faba* L. sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar ráðsins 66/401/EBE <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*I. gr.*

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 66/401/EBE), 3. lið (tilskipun ráðsins 66/402/EBE) og 13. lið (tilskipun ráðsins 2002/57/EB) í 1. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 88, 25.3.2004, bls. 39 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 25.3.2004, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 23.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 47.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 296, 14.11.2003, bls. 32.

- „- **32003 L 0061**: Tilskipun ráðsins 2003/61/EB frá 18. júní 2003 (Stjtið. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 23).“
2. Eftirfarandi bætist við í 11. lið (tilskipun ráðsins 2002/54/EB) og 12. lið (tilskipun ráðsins 2002/55/EB) í 1. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn:
- „, eins og henni var breytt með:
- **32003 L 0061**: Tilskipun ráðsins 2003/61/EB frá 18. júní 2003 (Stjtið. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 23).“
3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 25. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/307/EB) í 2. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn:
- „26. **32003 D 0765**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/765/EB frá 23. október 2003 um tímabundna markaðssetningu tiltekins sáðkorns af tegundunum *Secale cereale* og *Triticum durum* sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar ráðsins 66/402/EBE (Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 47).
27. **32003 D 0795**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/795/EB frá 10. nóvember 2003 um tímabundna markaðssetningu tiltekins sáðkorns af tegundinni *Vicia faba* L. sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar ráðsins 66/401/EBE (Stjtið. ESB L 296, 14.11.2003, bls. 32).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/61/EB og ákvarðana 2003/765/EB og 2003/795/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. mars 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.